



# Langar þig til að syngja í karlakór sem hefur mikinn metnað?



Karлакórinn Fóstbræður vill bæta við sig söngmönnum í allar raddir fyrir næsta starfsár, 2011–2012, sem hefst í september nk.

Þú þarft að hafa góða söngródd, tónheyrn og vera yngri en 45 ára. Nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur V. Snævarr í síma 898 7050, [gsnaevarr@simnet.is](mailto:gnaevarr@simnet.is).

Karлакórinn Fóstbræður hefur starfað óslitið í hart nær hundrað ár. Kórinn er metnaðarfullur í verkefnavali og hefur komið reglulega fram með Sinfóníu-hljómsveit Íslands, frumflutt íslensk verk fyrir karlakóra, haldið tónleika með Stuðmönnum og tekið þátt í Frostrósum frá upphafi, svo dæmi séu tekin.

Á þessu ári söng kórinn með Högna Egilssyni og Davíð Þór Jónssyni í Hörpu en þeir tónleikar fengu afar góða umsögn gagnrýnenda. Þá vöktu tónleikar kórsins á Allra sálna messu sl. haust verðskuldaða athygli. Kórinn hefur gefið út marga geisladiska og vinnur nú að útgáfu fjögurra geisladiska þar sem kórinn er í aðalhlutverki á þrem þeirra.

Kórinn syngur fjölbreytilega tónlist og kappkostar að vinna með bestu tónlistarmönnum landsins. Stjórnandi Fóstbræðra er Árni Harðarson.



**KARLAKÓRINN  
FÓSTBRÆÐUR**